



TRÁUSTI VALSSON:

### Í túninu heima

Í bókum sínum smíða skáld sögupersónur sínum ævir; grunnur ævinnar er lagður á heimaslóð, þá hleypir persónan heimdraganum og lendir tíðum í volki og - ef hún nær nægum þroska - skilst henni að það allt er leit eftir vindi, og snýr aftur heim í heimahagana: Hringnum er lokað.

Skyldu skáldin þá reyna að smíða svona fínar ævir handa sjálfum sér? Jú reyndar, a.m.k. er mestu skáldsnillinga íslenska á þessari öld varðar: Kamban, Jóhann, Gunnar, Halldór, - allir lögðu þeir í áratuga ferð út í heim og allir áttu sér þann draum að snúa heim aftur.

Gunnar og Halldór náðu það langt að snúa aftur heim sigursælir og reisa sér veglegan bústað í heimabyggðinni. Gunnar á Fljótsdalshéraði og Halldór í Mosfellssveit. Gunnar flutti síðan til Reykjavíkur, en dæmi Halldórs gekk að því leyti betur upp að Gljúfrasteinn er í þægilegri fjarlægð frá þéttbýli og varð því til frambúðar fyrir fjölskyldu hans. Reyndar er þetta aðeins eitt af dæmum um „heppni“ Halldórs; fjarlægðin til Reykjavíkur er nánast „rétt“ - 20 km. Þingvallasveit (50 km) væri t.d. of langt og Korpúlfsstaðir (10 km) of stutt.

Þó ákvörðunin um að velja bústað „í túninu heima“ virðist í fyrstu nostalgísk og í besta falli skáldleg, er meira kjöt á beininu er Halldór varðar. Skáldsaga hans, Paradísarheimt, sem segir ævisögu Steinars frá Hlíðum, samkvæmt fyrrgreindri formúlu, gefur ýmsar vísbendingar um það hvað Halldór telur mest um vert í lífshlaupi manna. - Steinar og sá jarðvegur sem hann var sprottinn úr, er kynntur svo í

Séð frá æskuheimili Halldórs í Laxnesi heim að Gljúfrasteini. Dætur Halldórs og Auðar hafa reist hús sín sitt hvorum megin við höfuðbýlið og nefnt þau Melkot og Jónstótt samkvæmt gamalli hefð um „hjáleigur“

bókinni: „Það hafði laungum viðgeingist að sýna úngum bændafnum garðlög og vegg í Hlíðum undir Steinhlíðum, þeim til eftirdæmis í lífinu. Þessir steingarðar voru vandlega hlaðnir svo ekki voru önnur listaverk meiri í þeim sveitum.“ Það þarf að fara í langt ferðalag til að skilja lífsspeki sem í þessari frásögn felst. Þ.e. að rækja garðinn sinn þótt grýttur sé - og að gæta fyrst og fremst vöndunar í hverjum hlut. Kemur það viðhorf, sem hér er lýst, skýrt fram í frægri grein Halldórs um fiskstökkun: „Handverkið, upphaf og endir listar.“

Látum þetta nægja sem heimspeki í bili. Við erum komin í föðurtún 1945, Halldór með unga konu sér við hlið, snúinn til baka úr 3ja áratuga ferðalagi. Loksins, loksins hlotnast Halldóri sú hamingja sem hver maður þráir, að eignast fjölskyldu og heimili. En listaverk krefst algerrar helgunar og þeirra listamanna sem tekst ekki að búa til alger skil milli fjölskyldulífs og vinnunnar bíður það eitt að líf þeirra leysist upp í fjölskyldur. Næði til vinnu tókst Halldóri að fá með ýmsu móti, t.d. á gisti húsum og á farþegaskipum, en best var

„Í túninu heima“ er fyrst í flokki minningasagna Halldórs Laxness. Lokakafli bókarinnar hefst á þessum orðum: „Oft er ég í draumi aftur staddur í þessu túni bernskunnar, Laxnestúninu, og nú er ekki leingur til. Ég var eitt af grösunum sem uxu í þessu túni“



Stór glugginn á íbúðinni á Fálkagötu opnar fagra útsýn yfir Skerjafjörðinn og til Álftanes.

Þó þegar hann eignaðist íbúð í listamannablokkinni á Fálkagötu 17, sem hann og Auður innréttuðu af mikilli smekkvísi.

Næmni listamannsins leiðir oft til þess að hann er framtíðarvísandi og þetta búsetumynstur: hús í sveitinni og íbúð í borginni, - er nú að verða óskadraumur sem margir reyna að láta rætast, 30-40 árum á eftir Laxnesshjónum. Það að hafa tvo valkosti í búsetu býður upp á marga möguleika: fjölskyldan getur búið í bænum á vetrum þegar börnin ganga í unglingskóla, uppkomin börn geta búið í borgaríbúð þegar í framhaldsskóla er komið og þægilegt er að hafa aukaíbúð ef gesti ber að garði.

En snúum okkur aftur að fyrri hluta þess sem tengist tvöfaldri búsetu, þ.e. að reisa bústað í sveit - og athugum hvaða kostir í þessu leynast, að öllum skáldlegheitum slepptum.


Helstu kostir eru einfaldlega kostir búsetu úti í náttúrunni; nægt rými, kyrrð og friðsæld. Það er alls ekki öllum ljóst hversu mjög er skorið á tengsl mannsins við frumrök tilverunnar með því að búa einangraður inni í húsi í borg. Og það kann að þykja skrítið að tenginguna við frumþætti tilverunnar er hægt að hanna eins og annað; hundur er tengill við heim dýrsins, garðurinn við gróanda jarðar og gönguferðin tenging við landið sjálft.

Borg hefur svo að sjálfsögðu aðra kosti, en staðreyndin er engu að síður sú að fólk hefur flest verið meira bundið borginni en það hefur viljað, en aukinn efnahagur og betri samskiptatækni er að leysa fólk úr þessum viðjum.

Próunin hófst með byggingu lítilla sumarbústaða í sveit til



Halldór er mikill unnandi tónlistar og flygill bæði á Fálkagötu og á Gljúfrasteini. Nágrannar segja frá dögum þegar Halldór er að feta sig gegnum erfið klassísk verk frá morgni til kvölds.



**Reykjavík 1876. Mynd eftir Aage Nielsen-Edwin. Pýrpingar og hverfi risu víða í kringum býli í Reykjavík. Þannig myndaðist t.d. Grjótaþorp í kringum bæinn Grjóta, Skuggahverfið við bæinn Skugga og Bernhöftstorfan við hús Bernhöfts bakara.**

skammtímadvalar, en vetrarnotkun þeirra fer mjög í vöxt. Undirrituðum virðist að Laxness-módelið: - að eiga aðalbústað í sveit en minni bústað í borg - muni sækja mjög á, enda er nú mikil eftirsókn eftir nýjum 1 ha. lóðum í Mosfellsbæ. Dætur Halldórs og Auðar hafa tekið næsta skrefið í þróun þessa nýja búsetumynsturs og einnig byggt hús sín „í túninu heima“ og nægt pláss er enn fyrir þriðju kynslóðina í túninu hjá þeim.

Á líkan hátt og Halldóri tókst að loka hringnum með því að

hverfa aftur heim til bernskustöðvanna, gæti hið gamla íslenska byggðamynstur; þ.e. að í kringum höfuðbýlin rísi frændgarður, - sé einnig komið hringinn.

Þetta mynstur hefur reyndar átt óbrotna hefð úti á landi, en á höfuðborgarsvæðinu rofnaði hún. Spurning er hvort skipulagsyfirlögd ættu ekki að reyna að styðja fólk til að geta valið og reynt þennan valkost í búsetu utan jaðars byggðarinnar, með því að úthluta svæðum undir svona torfur.

„Vegfarandi nokkur sér að ókunnur maður er tekinn að laspra við garðana í þessu eyðikoti. Hver ert þú, spyr þessi ferðamaður. Hinn svarar: Ég er sá maður sem heimti aftur Paradís eftir að hún hafði leingi verið týnd, og gaf hana börnum sínum. Hvað er slíkur maður að vilja hér, spurði vegfarandinn. Ég hef fundið sannleikann og það land þar sem hann býr, áréttaði veggheðslumaðurinn. Það er að vísu allmikils vert. En nú skiftir mestu máli að reisa við aftur þennan vallargarð.

Siðan heldur Steinar bóndi áfram einsog ekkert hefði í skorast að leggja stein við stein í hina fornu veggjans sólsett var í Hlíðum undir Hlíðunum.“ Paradísheimt - Bókarlok.





PÉTUR H. ÁRMANNSSON:

## *Gljúfrasteinn*


Í bókinni „Á Gljúfrasteini“ lýsir Auður Sveinsdóttir Laxness því er Halldór Laxness skýrði henni í fyrsta sinn frá ætlun sinni að byggja hús í nágrenni æskuheimilis síns í Mosfellsdal. Þetta var vorið 1945. (1) Staðinn undir húsið hafði Halldór valið á bökkum Köldukvíslar efst í Mosfellsdal, við Gljúfrin sem kölluð voru, en þar var gott berjaland. Skammt þar frá, á falletum lynghól, var mosavaxinn steinn sem var Halldóri kær í bernsku, og er hús skáldsins við hann kennt. Um þennan stein hafði hann ritað smásöguna „Steinninn minn helgi“ sem birtist í ritsafninu „Nokkrar sögur“ árið 1923. Þar er því lýst er höfundurinn á unga aldri sá frelsara sinn birtast út úr steini þessum í draumi. Skömmu eftir að sagan birtist var hóllinn umhverfis steinninn rofinn vegna vegagerðar. Síðar lét Halldór það vera forgangsverkefni að bera jarðveg í sárið og tyrfa yfir. (2)

„Það er næstum ótrúlegt og einginn skilur það í fljótu bragði, að ég hef geingið um völundarhús mannlífsins sal úr sal, um sali gleðinnar og sorganna, um vonanna sal og sal örvæntinganna, og alla hina salina, og samt hefur ekkert magnað að svara þrá minni, hinni instu þrá minni; hvergi hef ég fundið bergmál við helgimáli hjarta míns nema í einum steini í heimahögum mínum. Aðeins í einum grásteini sem stendur uppá dálitlum hól og ber við himin í holtinu fyrir ofan bæinn heima“. Halldór Laxness: „Steinninn minn helgi“

Gljúfrasteinn á sjötta áratugnum. Vinstri glugginn á efri hæð hússins er á vinnustofu Halldórs. Svalir á efri hæð tengjast einkaherbergi skáldsins, sem snýr í vestur með útsýni yfir dalinn. Fremst á myndinni er laut sú sem vitnað er til í texta.

Það kom í hlut Ágústs Pálssonar arkitekts að gera teikningar af Gljúfrasteini. Halldór og Ágúst voru góðir vinir, munu þeir að öllum líkindum hafa kynnst hjá Erlendi í Unuhúsi. Að loknu sveinsprófi í húsasmíði og tækninámi í Noregi stundaði Ágúst Pálsson nám í arkitektúr við Listaakademíuna í Kaupmannahöfn og lauk þaðan prófi 1935. Árið áður hafði hann stofnað eigin teiknistofu í Reykjavík, sem hann starfrækti alla tíð jafnframt því að hann vann hjá öðrum. (3) Árið 1942 hlaut hann fyrstu verðlaun fyrir uppdrátt sinn í samkeppni um hönnun Neskirkju. Neskirkja Ágústs var tímamótaverk, fyrsta íslenska kirkjan sem teiknuð var í anda nútímabyggingarlistar. Voru skoðanir skiptar um óhefðbundið útlit tillögunnar, sem ýmsir vildu líkja við guðlast. Leitaði sóknarnefndin álitis finnska arkitektsins Eliels Saarinen á tillögunni, sem gaf henni jákvæða umsögn og mælti eindregið með því að byggt yrði á grundvelli hennar. (4) Kirkjan sem reist var er allmiklu minni en samkeppnistillagan gerði ráð fyrir og tók Ágúst þá breytingu mjög nærri sér.

Á þessum árum áttu „nýhyggjumenn“ í húsagerðarlist undir högg að sækja ekki síður en atómskáld og abstraktmálarar. Sá skoðanaágreiningur er var undirrót listamanna-deilunnar 1942 átti sér beinar hliðstæður á vettvangi byggingarlistar. Má þar nefna deilur um viðbyggingu Landsbankans í Austurstræti og tillöguna að Hallgrímskirkju. Ýmsar ritsmíðar Halldórs Laxness frá þessum tíma vitna um sterka samkennd með íslenskum



**Frumteikningar Ágústs Pálssonar arkitekts af „húsi skáldsins á Laxnesi, Mosfellssveit“. Til vinstri er grunnmynd neðri hæðar, en efri hæðar á hægri hönd. Birt með góðfúslegu leyfi Auðar Laxness.**


boðberum „fúnksjónalismsans“, enda var hann persónulega kunnugur flestum þeirra. Teikningin af Gljúfrasteini á sér merkilega sögu, sem mun fáum kunn. Árið 1945 var efnt til samkeppni um prófessorabústaði á svæði sunnan við lóð Háskóla Íslands. Fyrstu verðlaun hlutu arkitektarnir Bárður Ísleifsson og Ágúst Pálsson. Í viðtali sem tekið var við einn dómnefndarmanna, Gunnlaug Halldórsson arkitekt, nokkrum árum fyrir andlát hans, segir hann m.a.: „Hús Bárðar var fyrsta „split-level“ húsið hér á landi, og allir vildu eiga hús eins og Bárðar, og háskólalóðin byggðist þeim húsum, en ekkert var byggt eftir teikningu Ágústar svo ég viti. Það var tvær hæðir, það hús, og líklega hefur verið byggt aðeins eitt hús eftir þeirri teikningu, og það er hús Halldórs Kiljans Laxness, Gljúfrasteinn.“ (5)

Í samtali við greinarhöfund staðfesti Auður Laxness skýringu Gunnlaugs á tilurð teikningarinnar, en lét þess þó getið að hún hefði ekkert um þetta vitað fyrr en eftir að Ágúst Pálsson var látinn. Að hennar sögn vildi Ágúst enga greiðslu þiggja fyrir teikninguna. Óljóst er hvaða breytingar voru gerðar á samkeppnistillögum til aðlögunar breyttum aðstæðum. Smíði hússins hófst í júnímánuði 1945 og var það að mestu leyti tilbúið um jólaleytið. Auk aðaluppdráttu gerði Ágúst fullkomnar verkteikningar af gluggum, eldstæði í stofu, veggþiljum og föstum innréttingum. Frumrit teikninganna eru í vörslu Auðar Laxness ásamt afriti af verklýsingu (útboðslýsingu) sem dagsett er 5. maí 1945. Meðal þess sem Ágúst lagði sérstaka áherslu á var góður hljómburður, og var stofan klædd þiljum úr eikarkrossvið, sem sjaldgæft var hér

á landi. Innra fyrirkomulag var í meginráttum áþekkt því sem tíðkaðist í einbýlishúsum í Reykjavík á þeim tíma, samliggjandi stofur og eldhús á neðri hæð og svefnherbergi, bað og vinnustofa á efri hæð. Grunnflötur hvorrar hæðar er tæpir hundrað fermetrar. (6) Að utan var húsið múrhúðað með blöndu af fingurðum sjávarsteinum í stað mulnings, sem svo algengur var á þessum árum. Við þetta fengu veggir hússins sérkennilega hrjúfa áferð. Múrflétir utanhúss voru í upphafi varðir með hvítu „snowsemi“, gluggar málaðir rauðbrúnir og þak klætt rauðbrúnum pappa.

Vegna hörguls á faglærðum iðnaðarmönnum var frágangur hússins ekki eins góður og skyldi, og af þeim sökum hefur viðhald þess verið mikið. Húsið er að flestu leyti í sömu mynd og er það var byggt, nema hvað nýlega hefur verið skipt um glugga. Í stað tvöfaldrar rammaglugga eru komnir gluggar með hefðbundnu sniði. Skömmu eftir að húsið var byggt voru gerðar endurbætur á eldhúsinnréttingu í samráði við Sigvalda Thordarson arkitekt.

Lóð hússins var skipulögð af Reyni Vilhjálmssyni landslagsarkitekt, sem hannaði m.a. sólbaðslaut sunnan við húsið. Að ósk skáldsins var gerð eins konar tröð heim að húsinu úr hlöðnum grjótveggjum, en sökum snjóþunga var annar veggurinn fjarlægður. Um 1960 var gerð sundlaug vestan við húsið ásamt skjólvegg, en við það jókst skjólsæld í garðinum til muna. Teikningar af þessum breytingum gerði Sigvaldi Thordarson arkitekt, en tæknilegur ráðgjafi var Sigurður Thoroddsen verkfræðingur. Til að bæta tengsl hússins við garðrymið lagði Sigvaldi til að stofugluggi á



Frumteikningar Ágústs Pálssonar arkitekts af „húsi skáldsins á Laxnesi, Mosfellssveit.“ Birt með góðfúslegu leyfi Auðar Laxness.

vesturgafli yrði stækkaður, en af því varð aldrei.

Það var ósk skáldsins í upphafi, að húsið á Gljúfrasteini yrði „sveitahús, án þess að vera sveitabær“. Það skyldi vera „sveitalegt, einfalt og ekkert óþarfa tildur“. (7) Ekki verður annað sagt, en að teikningar Ágústar Pálssonar hafi náð að uppfylla ofangreindar væntingar. Þar fer saman látlaust og stílhreint útlit í anda fúnksjónalismans og klassísk reisu. Á vissan hátt minnir Gljúfrasteinn á litla, rómanska basilíku þar sem hann snýr tvílyftum gafli mót dalnum. Húsið fer einkar vel í landslaginu þar sem það blasir við á heiðarbrúninni ofan við veginn til Þingvalla. Tengsl þess við náttúruna eru fólgin í fegurð andstæðna, þar sem hvítu liturinn kallast á við síbreytilegt litróf umhverfisins.

Lengi vel voru aðeins tvö íbúðarhús í Mosfellssveit með nútímalegu sniði, Gljúfrasteinn og hús Odds Ólafssonar, yfirlæknis á Reykjalundi, sem Gunnlaugur Halldórsson arkitekt teiknaði. Bændum í sveitinni þótti ekki mikið til um ágæti hinnar framsæknu húsagerðar og töldu húsin tvö litla sveitaprýði. Var það tíðum vinsælt deiluefni Mosfellinga hvort þeirra væri ljótara.

Tilvísanir:

1. Edda Andrésdóttir og Auður Laxness: Á GLJÚFRASTEINI Rv. 1984, 45.
2. Halldór Laxness: ÞÆTTIR. Rv. 1954, 8.
3. Jón E. Vestdal: VERKFRÆÐINGATAL 3. útgáfa Rv. 1981, 8.
4. Amerísk listastofnun segir álit sitt á uppdrætti Ágústs Pálssonar að Neskirkju. ALPÝÐUBLAÐIÐ Miðvikud. 4 apríl 1945.
5. Hljóðritað viðtal við Gunnlaug Halldórsson, arkitekt. Afrit í vörslu Arkitektafélags Íslands.
6. Hörður Bjarnason, ÍSLENSK ÍBÚÐARHÚS Rv. 1959. 17-20.
7. Edda Andrésdóttir og Auður Laxness: Á GLJÚFRASTEINI Rv. 1984, 46.



Um 1960 var bætt við sundlaug vestan við húsið á Gljúfrasteini. Laugina og skjólvegginn umhverfis teiknaði Sigvaldi Thordarson arkitekt. Höggmynd af hesti gerði Erlingur Jónsson, er hún gjöf Suðurnesjamanna til skáldsins. Til vinstri á myndinni sést niður í Mosfellsdal.



IKSARTAN JÓNSSON:

*Innanstokks*

**P**egar kom að skipan mála innanstokks í nýreistum Gljúfrasteini, tók þáttur Auðar Sveinsdóttur við. Húsið stóð galtómt, skáldið á bak og burt að skrifa heimsbókmenntir og sagðist engum treysta betur en henni til að ráða framkvæmdum. Auður hafði ákveðnar skoðanir um húsbúnað og bæði voru þau ákveðin að hafa einfaldleikann í fyrirrúmi frekar en íburð, enda voru tímar „funktionalismans“ á þessum árum ráðandi.

Dönsk vinkona Auðar, Birta Fróðadóttir innanhússarkitekt og húsgagnasmíður, nýkomin til landsins, var fengin til þess að annast allar teikningar innanstokksmuna og jafnvel húsgagna og var innanhandar við litaval og þess háttar. Vikum saman hittust þær vinkonur nær daglega og lögðu á ráðin um húsgögn og innréttingar hins nýja heimilis.

Karólína Guðmundsdóttir vefnaðarkona óf öll gluggatjöld, rúmabreiður og áklæði. Sveinn Guðmundsson faðir Auðar var listasmíður á járn og smíðaði fjölmarga hluti í húsið. Ljósakróna í stofu er t.d. athygliverð smíði, en hún er endursmíðuð upp úr leifum af annarri slíkri, sem fannst í aflóga dóti. Sömu leiðis smíðaði hann luktir, lampa, kerta-stjaka og margt fleira. Ívar Jónsson, móðurbróðir Auðar, smíðaði einnig messinghöldur á alla skápa, ljósastæði og þess háttar. Húsgögnin sem Birta teiknaði voru smíðuð á verkstæðinu Björk og hafa endst vel fram á þennan dag.

Á þessum árum, rétt eftir stríð, voru erfiðleikar með alla aðrætti til bygginga og smíða yfirleitt. Ef til vill má halda


Stór blómagluggi að baki löngum sófabekk með sebraáklæði. - Hér hafa margir góðir gestir þeirra hjóna setið fyrir .... „með sigurbros á vör“ og myndin svo birt í blöðum og tímaritum.

því fram, að það hafi orðið til happs, þegar um innréttingu Gljúfrasteins var að ræða, að ekki var hægt að kaupa allt út í búð. Fyrir bragðið var leitað annarra ráða, eins og að framan getur, og setur það mjög persónulegan svip á heimilið. Þegar t.d. borðstofustólana skorti, voru smíðaðir stólar eftir fyrirmynd franskra kirkjustóla upp úr lexikon. Í stað hampsnærisins í setum var notast við snæri úr vöfðum pappa og dugar það enn, þrátt fyrir mikla notkun. Stólarnir standa nú við munkaborðið á heimili þeirra á Fálkagötunni. Hjá Gunnlaugi Pálssyni arkitekt var Bruno Mathson-stóll fenginn að láni, hann lagður á pappír, teiknaður upp og smíðaður. Á stólunum voru rýa áklæði, sem frúin óf sjálf, annað grágrænt en hitt í mildum gulleitum lit.

Þannig mátti bjargast við í vöruskortinum, en halda vissum stíl. Eftir Auði er haft að fá hús séu jafnmikið handunnin að innan og Gljúfrasteinn.

Einkennandi fyrir innréttingarnar er mjög ráðandi viðar-notkun, einkum í stofu. Veggir þar eru klæddir þiljum úr eikarkrossviði með dökkgrænum skuggafúgum á samskeytum og köntum að amerískri fyrirmynd, í stað áfellulista. Hurðir eru felldar beint inn í vegg í án gerekta. Í lofti eru trébitar og bil milli þeirra eru klædd sama viði. Gólf eru parketlögð með síldarbeinsmynstri.

Víða má sjá húsgögn frá blómatíma danskrar húsgagnaframleiðslu eftirstríðsáranna. Listaverk á veggjum eru flest eftir brautryðjendur í íslenskri myndlist frá þessum tíma.



Í forstofunni stendur stór klukka á gólfi. Aðkomumanni, sem kom gestur um kvöld, fannst hann strax sjá að þarna væri klukkan hans Björns í Brekkukoti komin og fór að hlusta hvort hún segði ekki: „ei-líbbð ei-líbbð ei-líbbð.“ - En svo áttar hann sig, klukkan er ekki úr hugverki skáldsins, heldur úr búi foreldra hans og er smíðuð af klukkusmið frá öndverðri átjándu öld.



Í anddyri íbúðarinnar á Fálkagötunni er brjóstlíkan af skáldinu eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara. Innréttingar hannaði Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt. Athyglivert er hvernig innréttingin er samtengd smíð, símaborð og spegilumgjörð eru úr einni samfellu, sem auk þess tengist fyrir horn á skemmtilegan hátt. Einföld en frumleg form úr dökkum viði í sama stíl og hillur í stofu



Svefnherbergishúsgögn Auðar, rúm og snyrtiborð, teiknaði dönsk vinkona hennar Birta Fróðadóttir innanhússarkitekt og húsgagnasmiður.





**Tónleikar í Gljúfrasteini með heimsfrægum tónlistarmönnum. Tónburður var sérlega góður í húsinu, enda fyrir því hugsað. Milli þeirra Gljúfrasteinshjóna má m.a. sjá Þorvald Steingrímsson fíðluleikara og við hlið skáldsins Lárus Pálsson leikara. Nokkuð óvenjuleg uppákoma á íslenskum „sveitabæ“.**

Engan þarf að undra að bækur hafi sankast að í þessu húsi. Flygill er í stofu og margt listmuna. Útsaumaðir púðar með þekktum mynstrum úr dönsku blöðunum eru hvergi sjáanlegir, en innan um stórmynstraða eða einlita púða má finna aðra útsaumaða og hannaða af húsmóðurinni sjálfri í mjög fjölbreyttum litum. Einn þeirra gæti þess vegna verið frægt kúfískt listaverk. - Hvergi er að sjá blúndur uppi við, né útskornar muðlar eins og títt var á þessum tíma á íslenskum heimilum.

Á Gljúfrasteini ríkir því mikið samræmi hluta og ber allt mjög keim frá þeim tíma, þegar til heimilisins var stofnað. Vegna þess hve vandað var til hlutanna í upphafi, fáu breytt og ekki sankað að ósamstæðum nýrri hlutum, er stíll þessa tíma mjög sýnilegur.

En heimili eru ekki innréttuð úr tré, málmum og efnum einu saman. Fátt er jafntómlegt og heimili, búið eintómum aðkeyptum hlutum, þótt góðir séu, enda fer ávallt svo, að mannfólkið fer að setja sitt mark á umhverfið og gefa því líf. Það sem e.t.v. setur hvað mestan blæ á Gljúfrasteinsheimilið er hugarfar aðkomumanns, sem til verka og ævi skáldsins þekkir. Hann kemur gestur að sjá hvað býr í steininum, skynjar að hér er HÚS SKÁLDSINS, sem er samofið íslenskri menningarsögu á þessari öld. Það er á vissan hátt gengið inn í heimshús okkar Íslendinga. Hér hafa verið haldnir tónleikar heimsfrægra hljóðfæraleikara, sem annars eru yfirleitt haldnir í konserthöllum stórborganna og hér

hafa erlendir gestir verið boðnir velkomnir, kunnir listamenn, tignir menn jafnt og venjulegt fólk, sem sótt hefur okkur Íslendinga heim. ■

